

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Svínhagi L6A, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 13. febrúar 2020 tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínhaga L6A. Tillagan tekur til svæðis þar sem áformuð er uppbygging gistipjónustu ásamt tilheyrandi þjónustubyggingum og íbúðarhúsi. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Aðkoman er frá Þingskálavegi nr. 268 og um núverandi aðkomuveg. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grásteinn, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. maí 2020 tillögu að deiliskipulagi fyrir jörðina Grástein. Tillagan tekur til afmörkunar byggingarreita þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús, hesthús og skemmu. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Aðkoman er frá Árbæjarvegi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 15. júní 2020.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2020